



Fjölbrautaskóli Suðurlands

ERGÓ

ERGÓ1AA05

Kennsluáætlun – haustönn 2016

Kennarar áfangans:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) og Ronald Guðnason (RBG)
Gísli Skúlason (GK) og Jón Grétar Hafsteinsson (JH)
Ægir Sigurðsson (ÆS) og Aníta Ólög Jónsdóttir (AÓJ)
Bryndís Guðjónsdóttir (BG) og Úlfur Björnsson (ÚB)
Tómas Davíð IbsenTómasson (TDT) og Ingunn Helgadóttir (IH)

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur að vinna ýmis konar verkefni, bæði einstaklingsverkefni og í hópum. Lögð er áhersla á að kynning verkefna verði með fjölbreyttum hætti. Einnig verða kennd grunnatriði í heimildanotkun og algengum forritum.

Fjallað verður um samskipti og samskiptahæfni nemenda eflid. Að auki verður fjallað um borgaravitund, fjölmiðla, fjármálalæsi, starfsval, mannréttindi og alls kyns samfélagsmál.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- mikilvægi góðra samskipta
- helstu réttindum og skyldum meðborgara er lúta að lýðræði og jafnrétti
- helstu aðferðum við að hafa stjórn á fjármálum sínum
- helstu réttindum og skyldum á vinnumarkaði
- áhrifum fjölmiðla/samfélagsmiðla á sjálfsmynd, neyslu og nýtingu auðlinda
- notkun nokkurra algengra tölvuforrita
- upplýsingaöflun og úrvinnslu
- eigin áhugasviði í tengslum við náms- og starfsval

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- flytja mál sitt á skýran og áhugaverðan hátt
 - skipuleggja og taka þátt í verkefnavinnu
 - draga saman aðalatriði og gera grein fyrir þeim
 - afla upplýsinga úr heimildum, meta þær og nýta á viðurkenndan hátt
 - færa rök fyrir skoðunum sínum og afstöðu
 - taka rökstudda afstöðu til álitamála í samfélaginu
 - skipuleggja og taka ábyrgð á eigin fjármálum
 - setja sig í spor annarra
-

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- tjá skoðanir og afstöðu til álitamála með rökum og virðingu fyrir andstæðum sjónarmiðum
 - velja sér viðfangsefni við hæfi og gera grein fyrir þeim
 - kynna sér viðfangsefni til hlítar
 - setja sér markmið með hliðsjón af eigin áhuga og hæfni
 - leggja sitt af mörkum í samskiptum og samvinnu
-

Kennslubækur og kennslugögn

- Efni frá kennurum.

Vika	Dags.	Verkefnavinna
33	15. – 19. ágúst	Áfangi kynntur. Samskipti, samvinna, hópavinna, vinnubrögð og fleira er rauður þráður í öllum áfanganum.
34	22.-26. ágúst	Hópefli.
35	29. ágúst – 2. sept.	Fjölmiðlar og auglýsingar.
36	5. – 9. sept.	Fjölmiðlar og auglýsingar.
38	12. – 16. sept.	Algeng tölvuforrit.
38	19. – 23. sept.	Vinna með heimildir – heimsókn frá bókasafnsfræðingi.
39	26. – 30. sep.	Fjármálalæsi.
40	3. – 7. okt. Miðannarmat	Fjármálalæsi.
41	10. – 14. okt. haustfrí	Lýðræði. Borgaravitund. Réttindi og skyldur.
42	17. – 21. okt. haustfrí	Lýðræði. Borgaravitund. Réttindi og skyldur.
43	24. – 28. okt.	Kosningar og lýðræði.
44	31. okt. – 4. nóv.	Mannréttindi og jafnrétti.
45	7. – 11. nóv.	Mannréttindi og jafnrétti.
46	14. – 18. nóv.	Stóra verkefnið.
47	21. – 25. nóv.	Stóra verkefnið.
48	28. nóv.– 2. des	Uppsóp.
49	5. – 9. des.	Námsmat
50	12. – 16. des.	Námsmat/úrvinnsla
51	19. – 23. des.	Skólaslit

Kröfur og verkefnaskil

- Áfanginn byggir á 100% símati. Ljúka verður **öllum** þáttum áfangans til að teljast hafa lokið honum.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil.
- Allir nemendur eru skráðir í Moodle og þurfa því að hafa reglulegan aðgang að tölvu. Flestum verkefnum þarf að skila á Moodle.
- Símanotkun tengd náminu er leyfileg.

Námsmat:

- 10% Mæting
- 10% Þátttaka og virkni í tímum
- 30% Viðtöl (framfarir ...)
- 30% Verkefni og próf
- 20% Stóra verkefnið

Gert með fyrirvara um breytingar, FSu., 15. ágúst 2016

Ergókennarar.